

8. gr.

Félagsmenn greiði gjöld til félagsins, kr. 200.00 á ári, þar til arðskrá liggur fyrir, sbr. 50. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. janúar 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

20. janúar 1972.

Nr. 30.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Bókasjóð Hjúkrunarfélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. janúar 1972. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bókasjóð Hjúkrunarfélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. des. 1971. Stofnfé sjóðsins er kr. 169 191.60 og er það gjöf Hjúkrunarfélagsins Líknar.

Sjóðurinn veitir móttöku gjöfum frá félagsmönnum og öðrum, sem kunna að vilja styrkja sjóðinn.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla bókakost félagsins.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í banka og má aldrei skerða höfuðstólinn, en vöxtum má verja til bókaupa.

4. gr.

Málefnum sjóðsins skal stjórnað af stjórn Hjúkrunarfélags Íslands.

5. gr.

Stjórn sjóðsins sér um bókaupin og hefur reikningshald sjóðsins með höndum. Skal sjóðurinn hafa sérstaka bók og skal skipulagsskrá þessi innfærð í hana svo og öll bókaup og reikninga.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Eftir hver árslok skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir, en síðan skulu þeir bornir upp til samþykktar á aðalfundi félagsins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.